

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Skógarhlíð 6
150 Reykjavík.

LLG LÖGMENN

540311-0560

2023/26/29

MÓTTAKID KL.	12:08
26. APR. 2023	
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	
GREITT	

Reykjavík 26. apríl 2023

LÖGBANNSBEIÐNI

Gerðarbeiðandi: Anti Defamation-League, með lögheimili að 605 Third Avenue, New York, NY 10158-3560, Bandaríkjunum. 100 274-1380

Gerðarþoli: 1984 ehf., kt. 500306-2110, með lögheimili að Fálkagötu 8, 107 Reykjavík.

Fyrirsvarsmaður félagsins er Daði Áslaugarson, stjórnarformaður, kt. 210173-5789, til heimilis að Bragagötu 30, 101 Reykjavík.

Ólafur Örn Svansson, lögmaður, hjá Forum lögmönnum, Ármúla 13, 108 Reykjavík, olafur@forum.is hefur gætt hagsmuna gerðarþola í samskiptum við lögmann gerðarbeiðanda.

Kröfugerð:

Gerðarbeiðandi krefst þess að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leggi lögbann við hýsingar gerðarþola á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Þá er þess krafist að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leggi lögbann við því að gerðarþoli veiti aðgang að vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Er þess krafist að framangreint lögbann verði lagt á, án þess að gerðarbeiðanda verði gert að leggja fram tryggingar.

Málsástæður og önnur atvik:

1. Gerðarbeiðandi eru frjáls og óhagnaðardrifin félagasamtök sem stofnuð voru árið 1913. Lögheimili þeirra er í Bandaríkjunum.
2. Tilgangur samtakanna hefur frá upphafi verið sá að berjast gegn ærumeiðingum í garð gyðinga og að tryggja réttlæti og sanngjarna meðferð allra. Í dag hafa samtökin þá yfirlýstu stefnu að berjast gegn gyðingahatri (e. antisemitism) og hvers kyns kynþáttahatri og hatursorðræðu hvar sem hún birtist.

1984 ehf.
Fálkagötu 8
107 Reykjavík



SÝSLUMAÐURINN

BOÐUN TIL FYRIRTÖKU VEGNA LÖGBANNS

SÍDA: 1/1
MÁL L. 2023-026291
DAGS 28.4.2023

Yður tilkynnist hér með að **Hlíðasmára 1, Kópavogi, 2.** hæð í fyrirtökuherbergi **204**, **miðvikudaginn 3. maí nk. kl. 09:10**, tekin fyrir beiðni Sigurðar Kára Kristjánssonar, lögm. f.h. Anti Defamation-League, um að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leggi lögbann við

hýsingu gerðarbola á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Pá er þess krafist að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leggi lögbann við því að gerðarþoli veiti aðgang að vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem www. er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni.

Meðfylgjandi er afrit af lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda ásamt fylgigögnum.

SÝSLUMAÐURINN
Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU

Hlíðasmára 1,
201 KÓPAVOGI

KT. 650914 - 2520

SÍMI 458 2000
SMH@SYSLUMENN.IS
WWW.SYSLUMENN.IS

f.h. sýlumannsins á höfuðborgarsvæðinu

Valgeir M. Levy

fulltrúi, Fullnustu- og skiptasvið

3. Samtökin reka skrifstofur á 25 stöðum í Bandaríkjunum. Þar bregðast fulltrúar samtakanna við gyðingahatri og haturþræðu, halda fram stefnumálum sínum gagnvart kjörnum fulltrúum og bjóða upp á fræðslu í skólum og á vinnustöðum í samræmi við framangreindan tilgang sinn.
-

4. Gerðarþoli er sérhæft vefhýsingarfyrirtæki.
5. Samkvæmt upplýsingum frá gerðarþola sjálfum þá sérhæfir hann sig í vefhýsingu fyrir fyrirtæki og einstaklinga um allan heim. Hjá gerðarþola eru hýstar þúsundir vefsíðna.¹
6. Á heimasíðu gerðarþola kemur fram að vefhýsing hjá honum sé sú vinsælasta á Íslandi.
7. Viðskipti við gerðarþola byggja á þjónustuskilmálum sem birtir eru á heimasíðu gerðarþola.
8. Í þeim kemur m.a. fram að sú hýsing sem gerðarþoli bjóði upp á sé svokölluð deild hýsing, e. *shared hosting service*, sem þýði að margir áskrifendur deili með sér vélbúnaði og/eða sýndarvélbúnaði.
9. Í þjónustuskilmálunum kemur jafnframt fram að gerðarþoli áskilji sér allan rétt til að slökkva á eða hamla notkun á þjónustu áskrifanda, tímabundið eða endanlega, svo sem ef gerðarþoli álíti að verið sé að brjóta lög eða siðferðisviðmið sem gerðarþoli telji eðlilegt að gera kröfu um að virt séu af áskrifendum hverju sinni.
10. Þá leggja þjónustuskilmálarnir bann við því að bjóða, selja eða tengja við aðrar vefsíður sem bjóða, selja eða sýna ólöglegt, skaðlegt eða siðferðislega ámælisvert efni eða upplýsingar að mati gerðarþola.
11. Ennfremur mæla þjónustuskilmálarnir fyrir um að viðskiptavinir gerðarþola afsali sér öllum bótarétti á hendur gerðarþola vegna mögulegs tjóns sem bann, s.s. samkvæmt framansögðu, eða lokun þjónustu kann að valda þeim.
12. Að öðru leyti mæla þjónustuskilmálarnir fyrir um afar takmarkaða ábyrgð gerðarþola vegna þeirrar þjónustu sem hann veitir. Gildir ábyrgðartakmörkun skilmálanna raunar án tillits til sakar gerðarþola eða starfsmanna hans.
13. Af heimasíðu gerðarþola má ráða að viðskiptavinir hans greiði kr. 234 - 780 í áskriftargjald á mánuði eftir því hvaða þjónustu þeir velja.

¹ Sjá: Tölvupóst lögmanns gerðarþola til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 10. mars 2023.

-
14. Ein af þeim vefsíðum sem gerðarþoli hýsir er vefsíðan <https://mapliberation.org>
15. Ekki verður séð hvaða einstaklingar, samtök eða lögaðilar standa að vefsíðunni, en augljóst er að aðstandendum síðunnar er mjög í nöp við gyðinga og samfélag þeirra, hvort sem þeir eru staðsettir í Ísrael eða annarsstaðar.
16. Ber efni vefsíðunnar augljós einkenni hatursorðræðu og gyðingahaturs (e. *antisemitism*).
17. Tilgangurinn með vefsíðunni er skýrður á forsiðu hennar og eru efnistökin í samræmi við þann tilgang.
18. Sú hatursorðræða sem birtist á vefsíðunni beinist gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast samfélagi gyðinga í Boston, Massachusetts í Bandaríkjunum og nágrenni borgarinnar.
19. Á forsiðu hennar er augljóslega hvatt til þess að gripið verði til aðgerða gegn stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum, sem ábyrgðarmenn vefsíðunnar segja að tengist samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni, með þeim hætti að þau verði upprætt (e. *dismantled*) eða að þeim eða starfsemi þeirra verði sundrað eða hún trufluð (e. *disturbed*).
20. Nánar tiltekið er þeirri orðræðu beint gegn stofnunum sem tilheyra eða tengjast með einhverjum hætti samfélagi gyðinga á svæðinu, svo sem framhaldsskólam, þjónustustöðvum fatlaðs fólks, félögum námsmanna, trúarlegum samkunduhúsum, fjölmíðlum, góðgerðarfélögum og jafnvel listamiðstöðvum.
21. Hatursorðræðunni er ekki einungis beint gegn stofnunum sem tengjast gyðingum með einhverjum hætti heldur einnig gegn einkafyrirtækjum, stjórnálamönnum, lögreglustöðvum, fjármálafyrirtækjum, háskólum og fyrirtækjum á heilbrigðissviði.
22. Svo langt er raunar gengið að heimilisföng einstaklinga, fyrirtækja og stofnana eru birtar á vefsíðunni auk þess sem nöfn fyrirsvarsmanna og aðrar persónuupplýsingar eru þar birtar.
23. Þá má á vefsíðunni finna kort með punktum og línum sem tengja tilgreinda einstaklinga, fyrirtækja og stofnanir saman og samsama viðkomandi ýmsum óhæfuverkum sem aðstandendur vefsíðunnar telja gyðinga standa að og skoðunum, sem lýst er á vefsíðunni.
24. Með öðrum orðum felur efni vefsíðunnar, þær upplýsingar sem þar koma fram og framsetning þeirra í sér hvatningu og/eða ákall um aðgerðir gegn gyðingum. Sú leið er hins vegar farin á síðunni við framsetningu á efni og skilaboðum að þeim

lesendum sem taka þá hvatningu eða ákall til sín sem þar birtist er eftirlátið að ákveða sjálfir í hverju slíkar aðgerðir skuli felast. Er það til að mynda gert með eftifarandi hætti:

„Við höfum sýnt raunveruleg heimilisföng, nöfn fulltrúa og forystumanna, og kortlöög tengsl. Þessi félög eru raunverulega til og unnt er að raska þeim. Við vounum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast [sic] við með áhrifaríkum hætti.“²

--- --- ---

25. Vart þarf að hafa um það mörg orð að efni vefsíðunnar hefur valdið gerðarbeiðanda og öðrum þeim sem nafngreindir eru á vefsíðunni verulegum áhyggjum.
26. Þeim áhyggjum deilir raunar samfélaga gyðinga á Boston svæðinu sem lítur á efni síðunnar sem alvarlega ógn gegn sér og öryggi sínu.
27. Ber efni vefsíðunnar enda með sér að tilgangurinn með síðunni er sá að hvetja til þess að gripið verði til aðgerða gegn þeim sem tilheyra samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni, sem ekki verða túlkaðar með öðrum hætti en sem hótanir eða hvatning til refsiverðrar háttsemi gegn gerðarbeiðanda og öðrum þeim sem nafngreindir eru á vefsíðunni eða tilgreindir þar með öðrum hætti.
28. Í því sambandi bendir gerðarbeiðandi á að opnun vefsíðunnar átti sér stað á sama tíma og skotarásum gegn almennum borgurum í Bandarískjunum hefur fjölgad mjög, hvort sem er í skólum, verslunarmiðstöðum, bænahúsum eða á öðrum opinberum og fjölförnum stöðum, en samfélög gyðinga og annarra minnihlutahópa hafa reynst sérstaklega útsett fyrir slíkum árasum.
29. Í því sambandi má nefna að þeir árásarmenn sem réðust með skotarásum á Tree of Life bænahúsið í Pittsburgh í Pennsilvaníu í Bandarískjunum í október 2018 og í skotrássinni á blökkufólk í Tops verslunarmiðstöðinni í Buffalo í New York fylki í Bandarískjunum í maí 2022 voru haldnir gyðingahatri (e. *antisemitism*).³
30. Byggir gerðarbeiðandi á því að tilgangurinn með vefsíðunni sé sá að ýta undir ofbeldishegðun eins og þá sem þar átti sér stað.
31. Verður í öllu falli ekki séð af efni vefsíðunnar að tilgangurinn sé annar.

--- --- ---

² „Sjá þýðingu Ellenar Ingvadóttur, lögg. dómtúlks og skjalaþýðanda, á eftifarandi frumtexta: „We have shown physical address, named officers and leaders, and mapped connections. These entities exist in the physical world and can be disrupted in the physical world. We hope people will use our map to figure out how to push back effectively.”, <https://mapliberation.org>, Zionism, Policing and Empire: A Dispatch from the Mapping Project.

³ Sjá: 5 Reasons Why the BDS Mapping Project is Dangerous for Jews (and Everyone Else), dags. 21. Júní 2022, birt á netsíðunni www.adc.org

32. Eins og áður segir byggir gerðarbeiðandi á því að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> beri augljós einkenni haturorðræðu og gyðingahaturs (e. *antisemitism*).
33. Ekki liggur fyrir formleg skilgreining á hugtakinu „*haturorðræða*“ að þjóðarétti eða landsrétti ríkja sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar.
34. Af lagaákvæðum og ýmsum þjóðréttargerðum má þó finna eins konar skilgreiningar eða lýsingar á hugtakinu haturorðræðu og efnislegu inntaki þess.
35. Í því sambandi vísar gerðarbeiðandi til þess að ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem er það ákvæði hegningarlaga sem kennt er við haturorðræðu, leggur refsingu við því að róbæra, smána eða ógna manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar. Leggur ákvæðið jafnframt refsingu við að breiða slíkt út og getur brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 2 árum.
36. Af dómaframkvæmd leiðir að stök ummæli sem undir ákvæðið falla eru talin nægja til þess að ákvæðið sé talið eiga við.
37. Þjóðréttargerðir veita einnig vísbendingar um hverjir teljist meginþættir í inntaki hugtaksins á alþjóðlegum vettvangi og samkvæmt íslenskum rétti.
38. Þannig vísar 2. mgr. 20. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi frá 16. desember 1966 til hatus vegna þjóðernis, kynþáttar- eða trúarbragða, sem og tjáningar sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi.
39. Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965 er vísað til áróðurs sem byggir á hugmyndum eða kenningum um yfirburði tiltekinna kynþátta, eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reynir að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd.
40. Samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1997, vísar til tjáningar sem dreifar, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðaleyzi, sem birtist m.a. í óvæginni þjóðernishyggju, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólk af erlendum uppruna.
41. Þá vísar gerðarbeiðandi til samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 og viðbótarbókunar við samninginn frá 28. janúar 2003. Í viðbótarbókuninni er vísað til framsetningar hugmynda og kenninga sem mæla með, stuðla að eða kynda undir hatri, mismunun eða ofbeldi sem er beint gegn

hvaða einstaklingi eða hópi einstaklinga sem á rót sína að rekja til kynþáttar, litarháttar, ætternis eða þjóðlegs eða þjóðernislegs uppruna og til trúarbragða.

42. Ákvæði fjölmíðlalaga nr. 38/2011 geyma einnig mikilvægar meginreglur á þessu réttarsviði. Þannig er óheimilt, skv. 27. gr. laganna, að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samféluginu.

43. Í skýringum í greinargerð við ákvæðið er hugtakið skilgreint sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofsbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólk og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi.

44. Með vísan til þess sem að framan greinir hefur verið talið að megineinkenni tjáningar sem telst vera hatusorðræða hafi eftirtalin einkenni:⁴

- Að tjáningin sé *fordómafull*, þ.e. byggð á fáfræði eða skeytingarleysi um staðreyndir og er órokstudd þar sem ekkert tillit er tekið til andstæðra sjónarmiða.
- Að tjáningin lýsi *hatri* þess sem ummælin viðhefur á þeim eða því sem þau beinast að, þ.e. illvilja, óvinskap, fyrirlitningu, óbeit, andúð eða öðrum viðliska mannlegum tilfinningum, sem líta má á sem birtingarmyndir hatus.
- Að tjáningin beinist að nánar *tilgreindum einstaklingum* eða *hópum* vegna *tiltekinna sérkenna* þeirra eða *stöðu*.
- Að tjáningin sé *opinber*.

45. Til frekari afmörkunar hefur hugtakið hatusorðræða verið gróflega greint niður í fjögur mismunandi þrep, þar sem stuðst hefur verið við það sem nefnt hefur verið „The Hate Speech Pyramid“ á ensku. Í stuttu máli eru þessi þrep eftirfarandi:⁵

- Efsta stig hatusorðræðu felur samkvæmt flokkuninni í sér hvatningu til þjóðarmorðs eða annarra viðliska alvarlegra brota á grunngildum réttarins (jus cogens) gagnvart einstaklingum eða hópum, eða stuðning við slík brot eða samkennd með þeim.
- Á öðru stigi er orðræða sem felur í sér fordómafulla og hatusfulla tjáningu sem er í senn ógnandi og lýsir samkennd með eða stuðningi við og markvisst

⁴ Sjá: Dr. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor, Hvað er hatusorðræða?, dags. 25. apríl 2022, <https://uni.hi.is/davidth/2022/04/25/hvad-er-hatursordraeda/>

⁵ Nánari umfjöllun um hvert þrep má finna í grein Dr. Davíðs Þórs Björgvinssonar, prófessors, Hvað er hatusorðræða?, frá 25. apríl 2022, sbr. neðanmálsgr. 3.

hvetur (e. *incites*) til aðgerða sem fela í sér ólögmæta og skaðlega mismunun, eða jafnvel ofbeldis, í garð einstaklinga eða hópa vegna sérkenna þeirra, t.d. kynþáttar eða litarháttar. Dr. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og Landsréttardómari, telur að hér sé meginatriðið að tjáningin feli í sér hvatningu til illra verka gagnvart tilteknum hópum.

- Á þriðja stigi er um að ræða orðræðu sem á fordómafullan hátt lýsir hatri, andúð, óbeit í garð einstaklinga eða hópa vegna sérkenna þeirra, sem réttlætanlegt er talið að takmarka vegna verndar mannorðs eða réttinda þeirra sem fyrir verða eða vegna þjóðaröryggis og almannareglu eða almenns siðgæðis, eða eftir atvikum út frá jafnréttissjónarmiðum. Undir þetta stig falla þó ekki ummæli sem verða talin fela í sér stuðning, samkennd eða hvatningu til að beita skaðlegum og ólögmætum aðgerðum, þ.m.t. mismunun, gegn viðkomandi einstaklingi eða hópi, þótt tjáningin sé annars stuðandi, móðgandi, niðrandi eða særandi fyrir þá.
 - Á fjórða og neðsta stigi er orðræða sem ekki telst ólögmæt í lagalegum skilningi, en telst þó siðferðislega eða pólitískt ámælisverð þar sem hún vitnar til um fordómafullan skort á umburðalyndi og virðingu fyrir réttindum annarra og gildum, auk þess að vera móðgandi, særandi eða niðrandi fyrir þá einstaklinga eða hópa sem hún beinist að. Tjáningin sé m.ö.o. ekki nægilega gróf eða alvarleg, miðað við tilefnið, til að réttlætanlegt sé vegna meginreglunnar um tjáningarfrelsíð að setja henni skorður með beitingu refsingar.
46. Hefur við túlkun á hatursorðræðuhugtakinu verið talið að sú orðræða sem fellur undir efstu þrjú stigin sé nægilega alvarleg til að falla undir 233. gr. a. almennra hegningarlaga.
47. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar telur gerðarbeiðandi sannað að efni vefsíðunnar <https://mapliberation.org/> teljist hatursorðræða í framangreindum skilningi, enda sé á vefsíðunni beinlínis gert út á gyðingahatur (e. *antisemitism*), í besta falli fordóma og andúð gagnvart gyðingum.
48. Byggir gerðarbeiðandi á því að þau ummæli og efni sem þar birtast falli a.m.k. undir annað stig hatursorðræðu samkvæmt framangreindri greiningu.

49. Gerðarbeiðandi hefur leitað aðstoðar stjórnvalda bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi með það fyrir augum að fá vefsíðunni lokað í ljósi þess efnis sem þar birtist og lýst hefur verið hér að framan.
50. Þær tilraunir hafa fram til þessa ekki skilað árangri.

51. Í þeim samskiptum hefur raunar komið fram að löggreglan á Íslandi telji sig þurfa dómsúrskurð til þess að henni teljist heimilt að grípa til aðgerða gagnvart því fyrirtæki sem annast hýsingu vefsíðunnar, þ.e. gerðarþola.
52. Með áskorun dags. 3. mars sl. skoraði gerðarbeiðandi á gerðarþola að loka vefsíðunni, fjarlægja það efni sem á henni birtist og/eða hindra aðgang að henni.
53. Við þeirri áskorun hefur gerðarþoli ekki orðið eins og fram kemur í tölvupósti lögmánn hans frá 10. mars. sl.
54. Sér gerðarbeiðandi sig því knúinn til að leggja fram lögbannsbeiðni þessa.

55. Gerðarbeiðandi byggir á því að öll skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. (hér eftir nefnd KSL) fyrir því að leggja lögbann við háttsemi gerðarþola með þeim hætti sem krafist er séu uppfyllt.
56. Af kröfugerð gerðarbeiðanda má sjá að lögbannskrafa hans beinist að hýsingu vefsíðunnar <https://mapliberation.org/>, dreifingu þess efnis sem á henni er og aðgangi almennings að síðunni.
57. Óumdeilt er að gerðarþoli hýsir framangreinda vefsíðu.
58. Þar sem gerðarþoli er íslenskur lögaðili og vefsíðan er hýst á Íslandi er lögsagan í máli þessu hér á landi. Gildir þar einu þótt efni vefsíðunnar sé beint að einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum utan íslenskrar lögsögu, þ.e. í Bandaríkjunum.
59. Gerðarbeiðandi er einn þeirra aðila sem nefndur er sérstaklega á vefsíðunni og efni hennar og birting þess beinist gegn. Eru ráunar allir 25 stjórnarmenn í landsstjórn gerðarbeiðanda nafngreindir á síðunni ásamt tugum einstaklinga sem starfa fyrir gerðarbeiðanda í New England fylki í Bandaríkjunum.
60. Þá er víða á vefsíðunni að finna einkar gildishlaðna, ranga og ósanna umfjöllun um starfsemi gerðarbeiðanda. Nægir í því sambandi að nefna staðhæfingar um að gerðarbeiðandi hafi með höndum njósnastarfsemi, s.s. gagnvart tilteknum aðgerðarsinnum en auk þess hafi gerðarbeiðandi stutt ofbeldi og jafnvel slegið hlífiskyldi yfir nasista.
61. Byggir gerðarbeiðandi á því að tilgangur þeirrar umfjöllunar sé sá að ala á hatri eða óvild í hans garð og hvetja lesendur síðunnar til aðgerða, jafnvel ofbeldis gagnvart honum, þeim einstaklingum sem tengast eða starfa fyrir gerðarbeiðanda, eða gegn samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem nafngreind eru á vefsíðunni og tengd saman með þeim hætti sem þar má sjá.

62. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að gerðarbeiðandi hafi lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinn í máli þessu í skilningi 24. gr. KSL og samkvæmt meginreglum réttarfars, enda brjóti vefsíðan, hýsing hennar og dreifing þess efnis sem á henni er með skýlausum hætti gegn lögvörðum réttindum hans s.s. í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
63. Þess utan teljist efni vefsíðunnar hatursorðræða og gyðinghatur (*e. antisemitism*) í framangreindum skilningi. Efni hennar sem slíkt sé því í andstöðu við ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dreifing þess auk þess refsiverð samkvæmt ákvæðinu.
64. Gerðarþoli bendir á að íslenskir dómstólar hafa í dómsúrlausnum sínum fallist á að aðgangur að vefsíðum skuli hindrað teljist efni þeirra eða virkni brjóta gegn lögvörðum réttindum manna. Nægir í því sambandi að vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 214/2009, 25/2017 og 33/2017.
65. Brot gegn lögvörðum hagsmunum og réttindum gerðarbeiðanda hefur átt sér stað um nokkra hríð. Er ekki fyrirséð að nokkurt lát verði á þeim brotum að óbreyttu. Háttsemin hafi hafist þegar aðstandendur vefsíðunnar söndu við gerðarþola um hýsing hennar og vefsíðan fór í kjölfarið í loftið, líklega í júnímánuði 2022. Gerðarþoli hýsi hana enn og leggi með því sitt af mörkum til að veita lesendum aðgang að því efni sem þar birtist. Því sé um athöfn að ræða, sem þegar sé hafin, sbr. áskilnað 1. mgr. 24. gr. KSL. Engu skipti í því sambandi þótt hýsingin hafi staðið yfir í töluverðan tíma. Hún sé ekki yfirstaðin, heldur viðvarandi, verði ekkert að gert.
66. Gerðarbeiðandi byggir á því að hann hafi þegar orðið fyrir tjóni fyrir tilstilli gerðarþola, þar sem gerðarþoli hýsi vefsíðu sem brjóti gegn lögvörðum réttindum hans, líkt og að framan greinir. Þá kunni hýsing vefsíðunnar að leiða til frekara tjóns fyrir gerðarbeiðanda og aðra þá sem hún tilgreinir í framtíðinni í ljósi þess efnis, hvatninga og áskorana sem á henni birtast. Ekki sé að sjá að gerðarþoli muni breyta háttsemi sinni að óbreyttu. Þá sé ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu mikið tjón muni mögulega hljótast af því í framtíðinni verði aðgangur að vefsíðunni áfram óheftur, sbr. 1. mgr. 24. gr. KSL.
67. Gerðarbeiðandi byggir á því að tjón gerðarbeiðanda og röskun á hagsmunum hans muni ekki fást bætt eftir reglum skaðabótaréttarins eða réttarreglum um refsingu.
68. Ekki liggi fyrir hverjir séu aðstandendur vefsíðunnar. Einnig sé óljóst hversu mikið tjón muni hljótast eða kunni að hljótast af óheftum aðgangi að vefsíðunni, sbr. 1. tl. 2. mgr. 24. gr. KSL. Engar upplýsingar liggi fyrir um hæfi eða getu aðstandenda vefsíðunnar til að greiða gerðarbeiðanda skaðabætur vegna þess tjóns sem hlotist hefur eða hljótast kann af rekstri hennar og því efni sem þar er

birt, enda ekki vitað með vissu hverjir þeir eru. Þá hafi gerðarþoli afsalað sér allri ábyrgð á því efni sem hann hýsir samkvæmt áðurnefndum þjónustuskilmálum.

69. Þá byggir gerðarbeiðandi á því að hagsmunir hans af því að gerðin nái fram að ganga séu miklum mun meiri en hagsmunir gerðarþola af því að hýsa vefsíðuna áfram og tryggja með henni óheftan aðgang lesenda að því efni sem þar birtist, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr. KSL. Hýsing vefsíðunnar tryggi aðstandendum hennar einungis nauðsynlega aðstöðu til þess að brjóta gegn lögvörðum réttindum gerðarbeiðanda, en ekki til að stunda aðra háttsemi, enda sé efni vefsíðunnar takmörkuð við að auðvelda lesendum hennar og notendum ólögmætar athafnir og til að hvetja til beitingu þeirra.

70. Af þeirri ástæðu verði að virða að vettugi þá hagsmuni sem gerðarþoli kunní að hafa af því að hýsa vefsíðuna áfram, enda tilgangurinn með því að halda henni úti ólögmætur eins og efni hennar, líkt og rakið er að framan.

71. Að lokum byggir gerðarbeiðandi á því að ákvæði laga nr. 20/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, um ábyrgðartakmarkanir þjónustuveitanda á borð við gerðarþola, girði ekki á nokkurn hátt fyrir að unnt sé að krefjast lögbanns við hýsingu vefsíðunnar.

72. Þvert á móti sé beinlínis kveðið á um það í athugasemdum með frumvarpi til laganna, sbr. V. kafla athugasemdanna, að ákvæði þeirra hafi ekki áhrif á lögbannsúrræði aðila, en þar segir m.a.:

„Ákvæði þessa kafla kveða á um hvenær þjónustuveitandi, sem er milligönguaðili við miðlun gagna, ber ekki ábyrgð á gögnum sem hann miðlar, vistar með skyndivistun eða hýsir. Frumvarpið kveður ekki á um að hvenær þjónustuveitandi getur orðið ábyrgur fyrir slíkum gögnum ef skilyrði takmörkunar ábyrgðar eru ekki fyrir hendi. Þá hafa ákvæði frumvarpsins ekki áhrif á lögbannsúrræði aðila.“

73. Að öllu framangreindu virtu byggir gerðarbeiðandi á því að öll skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 KSL fyrir því að leggja lögbann við háttsemi gerðarþola séu uppfyllt.

74. Beri því að fallast á kröfу gerðarbeiðanda.

75. Gerðarbeiðandi krefst þess að umbeðið lögbann verði lagt á, án þess að gerðarbeiðanda verði gert að leggja fram tryggingar.

76. Gerðarþoli byggir á því að á grundvelli 2. mgr. 30. gr., sbr. 5. töluliðar 3. mgr. 16. gr. KSL, sé sýslumannni slikt heimilt við aðstæður eins og þær sem að framan er lýst, án þess að fara fram á tryggingu úr hendi gerðarbeiðanda.


77. Í öllu falli telur gerðarbeiðandi ljóst að umbeðið lögbann muni ekki leiða til tjóns fyrir gerðarþola.
78. Vístar gerðarbeiðandi í því sambandi í fyrsta lagi til þjónustuskilmála gerðarþola sjálfs en með samþykki þeirra afsala viðskiptavinir gerðarþola sér öllum bótarétti á hendur gerðarþola komi til lokunar á þjónustu eða hún verði látin sæta hömlum af einhverju tagi.
79. Í annan stað vístar gerðarbeiðandi til þess að mánaðarlegt áskriftargjald viðskiptavina gerðarþola er afar lágt.
80. Í þriðja lagi annast gerðarþoli vefhýsingi fyrir fyrirtæki og einstaklinga um allan heim og annast gerðarþoli, samkvæmt upplýsingum frá honum sjálfum, hýsingu á þúsundum vefsíðna fyrir framangreinda aðila.⁶
81. Því sé skýrt að verði umbeðið lögbann lagt á hýsingu einnar af þessum þúsundum vefsíðna verði tekjutap gerðarþola vegna lögbannsins hverfandi.
82. Af framangreindum ástæðum megi ljóst vera að stöðvun þeirrar háttsemi sem lögbannsbeiðnin snýr að geti ekki undir nokkrum kringumstæðum leitt til fjártjóns fyrir gerðarþola, hvorki beins, óbeins né afleidds, verði á hana fallist.
83. Komi hins vegar til álita af hálfu sýslumanns að krefjast tryggingar úr hendi gerðarbeiðanda verði það a.m.k. ekki gert nema gerðarþoli leggi fram gögn sem sýni hvaða tekjur hann hafi af hýsingu vefsíðunnar, svo meta megi hver hófleg fjárhæð tryggingarinnar skuli mögulega vera.
84. Í fjórða lagi byggir gerðarbeiðandi á því að krafa hans sé með þeim hætti að efnislegt réttmæti hennar og gerðarinnar sé tvímælalaust í ljósi atvika og framangreindrar umfjöllunar, s.s. í skilningi 5. töluliðar 3. mgr. 16. gr. KSL.
85. Í þessu sambandi bendir gerðarbeiðandi einnig á að engin sjáanleg efnisrök mæla með því að gerðarþoli taki til varna gegn beiðninni og mótmæli því að gerðin nái fram að ganga.
86. Með vísan til þess sem að framan greinir telur gerðarbeiðandi rétt að umbeðið lögbann verði lagt á án þess að þeim verði gert að leggja fram tryggingu, sbr. framangreind ákvæði KSL.
-
87. Gerðarbeiðandi skorar á gerðarþola að upplýsa við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni hvaða einstaklingar og/eða lögaðilar standa að vefsíðunni <https://mapliberation.org/> sem gerðarþoli hýsir og eru í viðskiptum við gerðarþola vegna hýsingar á henni.

⁶ Sjá: Tölvupóstur lögmanns gerðarþola til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 10. mars 2023.

88. Gerðarpoli áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins fyrir embætti sýslumanns eftir því sem tilefni þykir til.

89. Þá óskar gerðarbeiðandi óskar eftir því að lögbanngerð þessi verði tekin fyrir svo fljótt sem verða má.

**Virðingafyllst,
f.h. gerðarbeiðanda,**



Sigurður Kári Kristjánsson hrl.
sigurdur@llg.is

Eftirfarandi skjöl eru lögð fram:

- Nr. 1. Lögbanngerði.
- Nr. 2. Umboð (e. *Power of Attorney*), dags. 14. mars 2023.
- Nr. 3. Útskrift úr hlutafélagaskrá, gildandi skráning fyrir 1984 ehf., dags. 14. mars 2023.
- Nr. 4. Áskorun, dags. 3. mars 2023.
- Nr. 5. Tölvupóstur lögmanns gerðarþola til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 10. mars 2023.
- Nr. 6. Útskrift af vefsíðunni <https://mapliberation.org/> - The Mapping Project – What is the Mapping Project?
- Nr. 7. Útskrift af vefsíðunni <https://mapliberation.org/> - The Mapping Project – Anti-Defamation League (ADL).
- Nr. 8. Útskrift af vefsíðunni <https://mapliberation.org/> - Zionism, Policing and Empire: A Dispatch from the Mapping Project, dags. 3. júní 2022.
- Nr. 9. Þýðing Ellenar Ingvaldóttur, löggilts dómtúlks og skjalabýðanda á völdum og auðkenndum hlutum skjala nr. 6 og 8.
- Nr. 10. Útskrift af vefsíðu gerðarbeiðanda www.adl.org – ADL’s Mission & History.
- Nr. 11. Útskrift af vefsíðu gerðarbeiðanda www.adl.org – ADL Regional Offices.
- Nr. 12. Útskrift af vefsíðu gerðarbeiðanda www.adl.org – Board of Directors.
- Nr. 13. Útskrift af vefsíðu gerðarbeiðanda www.adl.org – Leadership and Staff.
- Nr. 14. Útskrift af forsíðu vefsíðu gerðarþola www.1984.is
- Nr. 15. Útskrift af vefsíðu gerðarþola www.1984.is – About 1984 Hosting Company.
- Nr. 16. Útskrift af vefsíðu gerðarþola www.1994.is – Þjónustuskilmálar.

Nr. 17. Tölvupóstssamskipti fulltrúa gerðarbeiðanda, annars vegar, og sendiherra Íslands í Washington D.C. og embættis Ríkislöggreglustjóra, hins vegar, á tímabilinu 22. júní 2022 til 12. júlí 2022.

Nr. 18. *5 Reasons Why the BDS Mapping Project is Dangerous for Jews (and Everyone Else)*, dags. 21. júlí 2022, útskrif af vefsíðunni www.adc.org.

Nr. 19. *POV: Antisemitic Mapping Project Likely to Lead to More Anti-Jewish Violence*, Boston University, BU Today, dags. 16. júní 2022, útskrift af vefsíðunni www.bu.edu

Nr. 20. „*Simply put, it's dangerous*“, Jewish nonprofit leader says of The Mapping Project, GBH News, 17. júní 2022, útskrift af vefsíðunni www.wgbh.org

Nr. 21. *Pro-Palestine mapping website raises alarm in Jewish groups*, dags. 30. júní 2022, útskrift af vefsíðunni www.apnews.com.

Nr. 22. *Hvað er hatursorðræða?*, Dr. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor, dags. 25. apríl 2022, útskrift af vefsíðunni <https://uni.hi.is/davidth/2022/04/25/hvad-er-hatursordraeda/>

Nr. 23. *Hvað er hatursræða?*, Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kelnikova, dags. 7. nóvember 2019, útskrift af Vísindavefnum, www.visindavefur.is

Nr. 24. *Hatursorðræða, yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*, Höfundar: Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2013.

Nr. 25. *Gæti hlotið dauðarefsingu vegna árásar á bænahús*, frétt RÚV, dags. 25. apríl 2023.

Nr. 26. *Vara við fyrirhuguðum atlögum að bænahúsum gyðinga*, frétt RÚV, dags. 4. nóvember 2022.

[PLACE], April 14, 2023,
on behalf of Anti-Defamation League,



**Mr. George Selim
Senior Vice President
for National Affairs.**

Signed, sealed and delivered in the presence of:

Name:

Name: